

Tillaga um bætt umferðaröryggi við Flataskóla Flutningsmaður - Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn feli Tækni- og umhverfissviði að bæta umferðaröryggi við Flataskóla með skýrari merkingum og skiltum þar sem við á. Samhliða þessum úrbótum leggur Garðabæjarlistinn til að farið verði í markvissar aðgerðir til að ýta undir gangandi umferð til og frá skóla með t.d. að tryggja öryggi barna og ungmenna þegar farið er yfir þungar umferðagötur með til dæmis gangbrautavörslu og styðja þannig um leið við samning um heilsueflandi samfélag í sínum víðasta skilningi.

Greinargerð

Umferðaröngpveiti við Flataskóla hefur verið umkvörtunarefni foreldra sem og starfsfólks skólans að undanfögnu. Vandinn lýsir sér í því að fólk virðir ekki umferðarreglur inni á bílplaninu né við umferðarljós.

Bílum er ítrekað lagt við hringtorgið sem og á víð og dreif á bílplaninu við skólann til þess að koma börnum í skólann. Mikil hættu skapast vegna þessa á hverjum morgni þar sem umferðaröryggi er ekki tryggt eins og kostur er.

Samhliða þessum mætti fylgja fordæmi Álfþaness og vera með gangbrautarstarfsfólk sem aðstoðar börn sem koma gangandi eða hjólandi til skóla og eykur töluvert öryggi um leið. Eins má benda á að sumir skólar hafa tekið upp á því að vera með starfsmenn á morgnana við skólann til að auka öryggi barna á leið í skólann.